

## Bekkjarfundir með foreldrum 2010

Ákveðið var að bjóða foreldrum nemenda í 5. – 7. bekk í fyrsta skipti á opinn bekkjarfund.

Umræðuefni fundarins fór heim viku fyrir fundinn.

1. Samkvæmt könnun hefur það aukist að drengir upplifi grín, uppnefningar og stríðni á óþægilegan og meiðandi hátt.
2. Samkvæmt könnun hefur það aukist að stúlkum finnst að það sé verið að dreifa um þær rógi eða lygum og reynt að fá aðra til að líka illa við þær.(slúður)
3. Er í lagi að leggja þann í einelti sem þér finnst leiðinlegur, hefur verið vondur við þig eða er á einhvern hátt öðruvísi en þú?
4. Hvernig bregst þú við þegar einhver meiðir þig með orðum eða gjörðum? Getum við gert eitthvað annað/öðruvísi?

Mæting á fundina var betri en á kvöldvinnufundi fyrri ára. Mörgum nemendum fannst svolítið erfitt að hafa foreldra á fundunum. Sögðu samt að þetta væri eitthvað sem þau þyrftu að venjast og voru jákvæð fyrir því að halda þessu áfram. Foreldrar voru almennt ánægðir með tilraunina og lýstu sig fylgjandi þess að gera þetta aftur.

Áður en fundur hófst var farið yfir reglurnar á bekkjarfundi og allir sátu saman í hring. Foreldrar fylgdu sínum börnum.

Nokkrir punktar sem komu fram á fundunum.

1. Rætt mikið um hvaða fyrirmyndir börn hafa í dag. Neikvætt tal birtist í íþróttum og er jafnvel viðurkennt þar. Orðfæri í tölvuleikjum og grínþáttum virðist færast yfir í raunveruleikann. Krakkarnir temja sér talsmáta sem er ekki viðurkenndur né við hæfi í raun aðstæðum. Nemendur ræddu um það að stundum gæti svona tal verið í lagi milli vina og ef það er ekki alltaf í gangi. Foreldrar og nemendur voru sammála um að hægt væri að æfa nemendur í því hvernig þeir eigi bregðast við neikvæðum orðum. Einnig kom fram hugmynd um að hafa jákvæðnisviku reglulega og umbuna nemendum fyrir jákvæða framkomu og hegðun.
2. Baktal og slúður var eitthvað sem foreldrar stúlkna höfðu upplifað. Allir töldu að mikilvægt væri að styrkja og efla stúlknaþópinn. Góð samskipti milli heimilis og skóla mikilvæg og nauðsynlegt að bregðast strax við ef eitthvað fer af stað. Traust samskipti við stúlkurnar eru mikilvæg til þess að þær treysti okkur fyrir samskiptum sínum. Þær þurfa að vita til hverra þær geta leitað innan skólans, kennara, sérkennara, hjúkrunarfræðings, aðstoðarskólalastjóra eða skólalastjóra. Einnig var rætt um mikilvægi þess að kenna krökkunum hópleiki aðra en fótbolta t.d. kýló, brennó, skótbolta.....
3. Sumum nemendum fannst þeir hafa rétt til að verja sig ef einhver er leiðinlegur eða vondur við mann meðan aðrir töldu það aldrei réttlætanlegt.
4. Mikið rætt um að efla sjálfstraust nemenda til að geta staðið á móti ljótu orðbragði. Nemendur þurfa líka að æfa sig í að tjá tilfinningar sínar og líðan. Síðast en ekki síst að virða tilfinningar annara og átta sig á því hvaða áhrif orð og hegðun hafa á aðra.

Skemmtileg tilraun til að virkja foreldrahópin með okkur í því að vinna að framgangi Olweusaráætlunarinnar í skólanum. Gott að fá sýn foreldra á málin og geta rætt það í

nemendahópnum. Mikilvæg skilaboð sem komast til skila þar sem heimilin og skólinn eru samstíga í viðhorfum sínum.